



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2023

ÍSLE1GB05 - Námsáætlun

Grunnur B

Kennarar:	Jón Özur Snorrason (jozur@fsu.is) Stefán Hannesson (stefanhannesson@fsu.is) Sverrir Árnason (sverrir.arnason@fsu.is)
-----------	---

Áfangalýsing: Í áfanganum er lagt upp með að nemendur þjálfist í lestri, lesskilningi, framsögn, málnotkun og ritun. Lesin er ein skáldsaga og verkefni tengd henni unnin til að þjálfra ritun, lesskilning og málnotkun. Að auki eru unnin smærri verkefni sem ætluð eru til að þjálfra nemendur í munnlegri og skriflegri tjáningu og túlkun.

Undanfari: ÍSLE1GA05 eða grunnskólaeinkunn upp á C+.

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Grunnhugtökum í ritgerðasmíð
- Helstu málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í tal- og ritmáli
- Orðaforða umfram það sem tíðkast í talmáli ungs fólks
- Mismunandi lestraraðferðum
- Nokkrum tegundum nytja- og bókmenntatexta
- Helstu bókmenntahugtökum

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Skrifa mismunandi textagerðir í samfelldu máli þar sem framsetning er skýr og skipulögð
- Nota leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn til að lagfæra eigin texta
- Nýta málfræðihugtök til að bæta eigin málfærni
- Flytja mál sitt af nokkru öryggi á góðu máli
- Lesa sér til gagns og gamans bókmenntaverk og fjalla um inntak þeirra
- Taka saman og flytja stuttar endursagnir, lýsingar og kynningar á afmörkuðu efni

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- byggja upp mismunandi texta með viðeigandi málfari
- túlka og meta atburðarás og persónur í bókmenntum eða annars konar texta
- halda uppi samræðum og rökstyðja eigin fullyrðingar, ákvarðanir og skoðanir á málefnalegan hátt

- nýta algengar leiðir til að leggja áherslu á orð sín
- beita blæbrigðum í máli til að forðast einhæfni og endurtekningar
- setja sig í spor annarra og virða skoðanir þeirra

Námsefni:

- Skáldsagan *Fjallaverksmiðja Íslands* eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur
- Efni frá kennara

Námsmat:

- Alls konar íslenska 10%
- Fjallaverksmiðja Íslands (verkefnavinna og próf) 45%
- Málnotkun og ritun (verkefnavinna og próf) 45%

Kröfur og verkefnaskil:

- Ætlast er til að nemendur búi sig mjög vel undir kennslustundir með lestri og þeim verkefnum sem lögð eru fyrir. Um helmingur námsins fer fram í tímum en hinn hlutinn með heimanámi, undirbúningi jafnt sem verkefnavinnu. Nauðsynlegt er að mæta í alla tíma þar sem innlögn fer eingöngu fram þar, hvort sem um er að ræða fjarkennslu eða staðkennslu.
- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund ber hann sjálfur ábyrgð á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil. Oftast má sjá slíkt í Innu en einnig er hægt að hafa samband við samnemendur eða kennara.
- Verkefni birtast í Innu og er almennt skilað rafrænt þangað.
- Nemandi sem er veikur eða með lögleg forföll á prófdegi getur sótt um sjúkrapróf hjá kennara.
- Símanotkun í tímum er óheimil nema annað sé tekið fram.
- Nemendum ber að virða höfundarétt. Gerist nemendur uppvísir um ritstuld fá þeir undantekningalaust einkunnina 0.
- Kennarar taka einungis við skilaboðum í gegnum Innu eða í tölvupósti, ekki í Messenger.

Vinnuáætlun – haustönn 2023

Dags.	Viðfangsefni
18. ágúst	Kynning á áfanganum. Kennsla hefst.
21.-25. ágúst	Skrýtnastur er maður sjálfur. Verkefnavinna.
28. ág.-1. sept.	Skrýtnastur er maður sjálfur. Verkefnavinna og próf.
4.-8. sept.	Fjallaverksmiðja Íslands. Lesa bls. 7-52 fyrir fyrri tímam. Verkefni og próf.
11.-15. sept.	Fjallaverksmiðja Íslands. Lesa bls. 57-110 fyrir fyrri tímam. Verkefni og próf.
18.-22. sept.	Fjallaverksmiðja Íslands. Lesa bls. 115-160 fyrir fyrri tímam. Verkefni og próf.
25.-29. sept.	Fjallaverksmiðja Íslands. Lesa bls. 169-223 fyrir fyrri tímam. Verkefni og próf.
2.-6. okt.	Fjallaverksmiðja Íslands. Lesa bls. 227-278 fyrir fyrri tímam. Verkefni og próf.
9.-13. okt. Haustfrí fim. + fös.	Fjallaverksmiðja Íslands. Samantekt um söguna skilað.
16.-20. okt. Valdagur 18. okt Miðannarmat	Málnotkun og ritun. Orðaforði og skapandi ritun.
23.-27. okt.	Málnotkun og ritun. Reglur tungumálsins og skapandi ritun.
30. okt.-3. nóv.	Málnotkun og ritun. Fallorð. Hagnýt ritun.
6.-10. nóv.	Málnotkun og ritun. Sagnorð. Hagnýt ritun.
13.-17. nóv. Dagur íslenskrar tungu	Málnotkun og ritun. Óbeygjanleg orð. Hagnýt ritun.
20.-24. nóvember	Málnotkun og ritun. Huglæg og hlutlæg málnotkun.
27. nóv.-1. des.	Málnotkun og ritun. Ýmis málfarsatriði. Próf
4.-6. desember	Samantekt og uppsóp.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 16. ágúst 2023, kennarar áfangans.